




HÉRAÐSSKJALASÖFN

---

# Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu



1.

Inngangur

2.

Lögmælt verkefni

3.

Samstarf

4.

Klasar

5.

Þjónusta

6.

NEA

7.

Ferlið

8.

Kostnaðarliðir

9.

Kostnaðarskipting

10.

Einkaskjöl

11.

Næstu skref

12.

Stafræn héraðsskjalasöfn

Stafræn þróun er eitt af stóru verkefnum sveitarfélaga á næstu árum. Slíkt verkefni er raun samheiti yfir fjölda stórra og lítilla verkefna sem tengjast notkun á tölvu- tækni, gervigreind, þróun hugbúnaðar o.fl. til að bæta enn frekar þá þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum sínum óháð opnunartíma eða búsetu.

Stafrænar lausnir geta tryggt ákveðið samræmi í ákvarðana- töku, stutt við jafnræði á milli íbúa ásamt því að auka skilvirkni í stjórnsýslunni. Í þessu sambandi er mikilvægt að horfa til sameiginlegra lausna og samstarfs sveitarfélaga sem tekur til hagkvæmni í innkaupum og þróun á hugbúnaðar- lausnum sem sveitarfélögin geta nýtt sér óháð stærð. Nokkur þessara verkefna tengjast með beinum hætti rekstri og starfsemi héraðsskjalasafna s.s. innleiðing og notkun skjala- og málakerfa og skil á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga á héraðsskjalasöfn.

Gagnamagn hefur á síðustu árum aukist til muna og sú staðreynd kallar á varðveislumat gagna m.t.t. langtímavarð- veislu. Aukin myndun rafrænna gagna fylgir aukinni þjónustu við íbúa, önnur sveitarfélög o.s.frv. Með skilvirkari skjala- og upplýsingastjórnun er einnig hægt að minnka umfang þeirra rafrænu gagna sem þarf að varðveita.

Magn pappírsskjala í stjórnsýslunni mun á næstu tuttugu árum minnka til muna eða mögulega hverfa að mestu. Þróun hug- og tæknibúnaðar þarf að tryggja að skil á rafrænum gagnasöfnum séu einföld, örugg og ódýr. Skjalageymslur munu ekki stækka þegar horft er til fjölda hillumetra af pappírsskjölum. Rafrænum gagnasöfnum í vörslu héraðsskjalasafnanna mun aftur á móti fjölga og mikilvægt að þau og sveitarfélögin takist í sameiningu á við það verkefni.

Á héraðsskjalasöfnunum er nú að verða til þekking og reynsla sem nýtist sveitarfélögunum til heilla þegar horft er til rafrænnar skjalavörslu, gildir einu hvort það séu rafræn gagnasöfn sveitarfélaga, einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka hringinn í kringum landið. Sérfræðiþekking á þessu sviði er mikilvægur hluti af kjarnaþjónustu í nærsamfélaginu.

# LÖGMÆLT VERKEFNI

Lögmælt verkefni sveitarfélaga eru fjölmörg. Skylda til varðveislu skjala er hluti af þessum verkefnum skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

01

## Vörsluskylda

Sveitarfélögum er skylt að varðveita þau skjöl sem verða til í stjórnsýslunni. Starfsfólk héraðsskjalasafnanna eru sérfræðingar sveitarfélaganna þegar kemur að myndun, vörslu og aðgengi þessara skjala.

02

## Móttaka skjala og gagnasafna

Héraðsskjalasöfnum er skylt að taka á móti skjölum og gagnasöfnum sveitarfélaga til langtímavarðveislu.

03

## Skráning og aðgengi

Starfsfólk héraðsskjalasafnanna tryggir að skráning skjala og rafrænna gagna sé til staðar og standist reglur. Starfsfólk hefur leiðbeiningarskyldu þegar kemur að leit og notkun á safnkostinum og veitir stjórnsýslunni og íbúum sveitarfélaga mikilvæga aðstoð.

# SAMSTARF

Héraðsskjalasöfn á Íslandi hafa tekið höndum saman til að styðja við stafræna umbreytingu sveitarfélaga.

Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu einfaldar skil á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga, styður við hlítinu reglna, auðveldar ráðgjöf og samræmingu verkferla. Hlutverk miðstöðvarinnar er að stýra verkefninu og tryggja að rafræn gagnasöfn séu varðveitt og gerð aðgengileg.

01

## Aðstoða við stafræna umbreytingu

Miðstöðin tryggir að hvert héraðsskjalasafn geti tekið við tilkynningum um rafræn gagnakerfi, tekið á móti rafrænum vörsluútgáfum og veitt aðgengi að rafrænum gögnum sveitarfélaga.

02

## Byggja upp sérþekkingu

Eitt af meginmarkmiðum Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu er að byggja upp nauðsynlega fagþekkingu starfsfólks héraðsskjalasafna á langtímavarðveislu stafrænna gagna í samræmi við OAIS staðalinn.

03

## Lækka kostnað

Héraðsskjalasöfnin nýta sameiginlega stærðarhagkvæmni vegna móttöku og prófana á samskonar gagnasöfnum. Sameiginlegt móttökuver og jafnt aðgengi allra að tækniráðgjöf og þjónustu lækkar kostnað.

04

## Hýsing


Hýsing gagnasafna taki mið af óskum einstakra sveitarfélaga en fylgi um leið ISO 27001. Horft verður til staðbundna skýjalausna (local cloud) og hýsingu á fleiri en einum stað auk hýsingar heima í héraði.

# KLASAR

Klasasamstarf héraðsskjalasafna einfaldar verkefnastjórn og samþættingu verkefna vegna tilkynninga og skila á rafrænum gagnasöfnum.

Héraðsskjalasöfnin á Íslandi eru 19 talsins. 46 sveitarfélög eiga og reka þessi skjalasöfn. Íbúafjöldi á bak við héraðsskjalasöfnin er frá tæplega 700 og upp í 40.000. Skjalahald og skjalavarsla sveitarfélaganna er mislangt á veg komin, þ.e.a.s. gerð skjalavistunar-áætlana, málalykla, verklagsreglna og notkun sérhæfðra skjalavörslukerfa.

Samstarfsverkefni héraðsskjalasafnanna byggir á að landinu er skipt upp í klasa sem fylgja að mestu skiptingu sveitarfélaga í landshlutasamtök. Eitt héraðsskjalasafn innan hvers klasa skuldbindur sig til að vera leiðandi í samstarfinu og vera hinum héraðsskjalasöfnum í viðkomandi klasa til stuðnings og ráðgjafar.



# ÞJÓNUSTA

Umfang gagna og fjöldi skjalamyndara helst töluvert í hendur við íbúafjölda sveitarfélaga. Sú þjónusta sem héraðsskjalasafn fær hjá tölvuþjónustu miðstöðvarinnar verður í samræmi við framlag héraðsskjalasafns til rekstrarkostnaðar miðstöðvarinnar.

01

## Tölvuþjónusta

Rekstur sameiginlegrar miðstöðvar einfaldar alla uppsetningu og utanumhald um tæknilega innviði verkefnisins. Sá hugbúnaður sem verið er að þróa í samræmi við kröfur OAS er eign miðstöðvarinnar og héraðsskjalasöfnin því um margt sjálfbjarga þegar kemur að móttöku, vörslu og afgreiðslu á gögnum úr rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga. Tölvuþjónustan tekur til móttöku, prófana á gagnasöfnum, umbreytingu gagnasafna m.t.t. langtímarvarðveislu og aðgengis.

02

## Almenn ráðgjöf og fræðsla

Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu og stýrihópur verkefnisins munu í sameiningu standa fyrir mánaðarlegum námskeiðum eða fundum. Námskeiðin taka mið af verkáætlun miðstöðvarinnar, þ.e.a.s. þeim þáttum verkefnisins sem öll héraðsskjalasöfnin og sveitarfélögin þurfa að koma að, s.s. kortlagningu og varðveislumati á rafrænum gagnasöfnum.

03

## Samræming á verkferlum og vinnulagi

Mikilvægt er að samræma eins og kostur er verkferla og verklag á milli héraðsskjalasafna og hjá stofnunum sveitarfélaga til að einfalda eins og hægt er stjórnun og hlítingu reglna. Samræming einfaldar móttöku tilkynninga, afhendingu rafrænna gagnasafna, prófanir og afgreiðslu. Samstarf héraðsskjalasafnanna lækkar þannig rekstarkostnað sveitarfélaga þegar kemur að rafrænni skjalavörslu.

# NEA

## NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku.

Héraðsskjalasöfnin hafa undirritað samning við NEA. Markmið NEA er að tryggja rafrænt skjalahald, vörslu rafrænna gagna og aðgengi að rafrænum skjalasöfnum og nýta samstarfsvettvanginn til að byggja upp sérþekkingu hjá hverju skjalasafni. Regluverk vegna tilkynninga og móttöku á rafrænum gagnasöfnum opinberra aðila á Íslandi fylgir regluasetningu Statens Arkiver í Danmöku og af þeim sökum skynsamlegt að vera í samstarfi við dönsk sveitarfélög um kortlagningu, tilkynningar og tilhögun skila á rafrænum gagnasöfnum.

NEA skipuleggur fundi, námskeið og bíður upp á leiðsögn í tengslum við þau fjölmörgu verkefni sem tengjast rafrænni skjalavörslu, allt frá kortlagningu rafrænna gagnasafna, fyrirlestra um lagaumhverfi, tilhögun afhendinga, hvernig vörslu er best háttað, uppbygging gagnagrunna eða uppsetningu á rafrænni/stafrænni gagnageymslu.

Með samningnum fæst einnig aðgangur að verkfærakistu NEA, t.d. aðgang að hugbúnaði til að halda utan um kortlagningu rafrænna gagnasafna.

Þetta þýðir þó ekki að langtímavarsla rafrænna gagnasafna sveitarfélaga verði hjá NEA í Danmörku. Varðveislan verður hér á landi.




Langtíma  
varðveisla gagna  
sveitarfélaganna  
verður á Íslandi





# FERLIÐ

Ferlið frá fyrsta skilafundi til móttöku.



# KOSTNAÐARLIÐIR

Kostnaður við rekstur miðstöðvarinnar felst fyrst og fremst í launum tölvunarfræðings, rekstri tækjabúnaðar, aðstöðu og ráðgjafasamningi við NEA. Áætlaður heildarkostnaður er um 20 milljónir króna á ári.

01

## Starfsmaður og verkkaup

Fyrstu fimm árin er gert ráð fyrir einum starfsmanni. Grunnssamningurinn við NEA er um 1 milljón á ári. Á þessu tímabili er líklega mesta þörfin á viðbótarstuðningi og verkkaupum frá NEA sem myndi bætast við heildarupphæðina.

02

## Aðstaða og tæknibúnaður

Miðstöðin verður fyrst um sinn að aðstöðu í Héraðsskjalasafni Kópavogs. Gert er ráð fyrir að húsnæði og aðstaða kosti um 2 milljónir á ári að meðaltali. Reiknað er með að hugbúnaður og tækjakostur muni kosta um 1-1,5 milljónir á ári að meðaltali næstu fimm árin.

03

## Hýsing

Almenn hýsing í dag kostar 150 krónur fyrir hvert GB. Hér fer kostnaður vegna hýsingar eftir því hvaða leiðir sveitarfélög og héraðsskjalasöfn þeirra velja. Vilja þau varðveita öryggisafrit af vörsluútgáfu hjá miðstöðinni eða sjá alfarið um hýsingu og afrit hjá sínum hýsingaraðila?

# KOSTNAÐARSKIPTING

Til að tryggja rekstur miðstöðvarinnar þurfa héraðsskjalasöfnin að leggja í ákveðinn rekstrarkostnað ár hvert.

Kostnaðarskipting byggir á að héraðsskjalasöfn greiða árlega ákveðið grunngjald. Ofan á þá upphæð leggst gjald sem tekur mið af íbúafjölda hvers sveitarfélags og nýtingu þjónustu miðstöðvarinnar. Fámennasta sveitarfélagið greiðir minnst á meðan fjölmennasta sveitarfélagið greiðir mest. Hver klasi eða hvert safn getur síðan komið sér upp tækniþúnaði til að veita aðgang að vörsluútgáfum.

Rekstur miðstöðvarinnar tryggir að á héraðsskjalasöfnunum verður til sérfræðiþekking sem nýtist sveitarfélögunum með beinum hætti, boðleiðir vegna tilkynninga, skila, prófana og afgreiðslu á gögnum eru einfaldar, hagkvæmar og skýrar.

Samstarfssöfnin	Fjöldi sveitarfélaga	Íbúafjöldi	Hlutfall
Héraðsskjalasafn Kópavogs	1	38.998	25,6%
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	5	22.283	14,6%
Héraðsskjalasafn Árnesinga	8	20.076	13,2%
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	1	13.024	8,6%
Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Neskaupsstaðar	4	11.031	7,2%
Héraðsskjalasafn Akraness	1	7.841	5,2%
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga	5	5.497	3,6%
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	4	5.052	3,3%
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	3	5.011	3,3%
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	3	4.615	3,0%
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	1	4.414	2,9%
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	1	4.294	2,8%
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	1	2.450	1,6%
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	1	1.966	1,3%
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	3	1.885	1,2%
Héraðsskjalasafn Svarfdæla	1	1.860	1,2%
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	1	1.226	0,8%
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	1	665	0,4%

# EINKASKJÖL

Fyrirséð er að héraðsskjalasöfnin munu taka við einkaskjölum á stafrænu formi á næstu árum. Geta þeirra til að taka við rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga tryggir um leið vörslu stafrænna einkaskjala í héraði.

Héraðsskjalasöfnin þurfa að geta tekið við stafrænum gagnasöfnum einkaaðila og umbreytt þeim á kerfisóháð og aðgengilegt form. Þess vegna þurfa héraðsskjalasöfnin að hafa aðgang að sértækum búnaði og búa yfir sérfræðipækkingu.

Það er ekki hægt að setja reglur eða kvaðir á einkaaðila vegna frágangs á stafrænum einkaskjölum. Héraðsskjalasöfnin munu því setja sér leiðbeinandi verklagsreglur varðandi skil einkaaðila á stafrænum gögnum. Til að tryggja varðveislu þessara gagna verður stuðst við OAIS staðalinn og skjalamyndarar verða aðstoðaðir eins og kostur er þegar horft er til viðurkendra skráarsniða. Stafræn gögn þarf að taka af mismunandi flutnings- eða vörslumiðlum s.s. floppy diskum, CD diskum, usb-lyklum til að tryggja varðveislu þeirra um ókomna tíð.



# NÆSTU SKREF

Sveitarfélög eru mislangt komin í sinni stafrænu umbreytingu. Fara þarf yfir skipulag rafrænna gagnasafna, notkun þeirra og skoða hvernig tilkynningu og skilum verður háttað. Sveitarfélögin og héraðsskjalasöfnin munu leysa þetta verkefni í sameiningu.



Eitt af fyrstu skrefunum er að tryggja öruggra gagnahýsingu bæði fyrir vinnslugögn og öryggisafrit sem uppfyllir öryggisstaðla (t.d. ISO 27001) og er hagkvæm í rekstri.

Árið 2023 munu héraðsskjalasöfnin kortleggja rafræn gagnasöfn sveitarfélaga, þ.e. búa til yfirlit yfir fjölda og tegundir gagnasafna sveitarfélaga, s.s. málakerfi, launa- og mannauðskerfi. Kortlagningin er mikilvægur undanfari rafrænna skila og liður í að meta umfang, gæði og varðveislu gagnanna.

Árið 2023 munu héraðsskjalasöfnin halda áfram að taka á móti tilkynningum á rafrænum gagnasöfnum, hér eftir í gegnum **Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu**.

# STAFRÆN HÉRAÐSSKJALASÖFN

Sveitarfélög á Íslandi og héraðsskjalasöfn þeirra eru flest stafræn og hafa á undanförunum árum leitast við að bæta stafræna þjónustu við íbúa.

Samstarf héraðsskjalasafnanna og rekstur Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu sveitarfélaga hefur það meginmarkmið að tryggja vörslu á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga með faglegum og öruggum hætti.

Samstarf héraðsskjalasafnanna og sameiginlegt móttökuver styrkir héraðsskjalasöfnin og er í raun hluti af mikilvægri innviðauppbýggingu sveitarfélaga hringinn í kringum landið.

Stafræn vegferð héraðsskjalasafna og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga í héraði tryggir samfellu í þjónustu á sveitarstjórnarstiginu. Samstarf héraðsskjalasafnanna getur einfaldað skil á rafrænum gagnasöfnum um leið og sameiginleg þekking starfsfólks og stjórnsýslunnar eykst.

Samstarf héraðsskjalasafnanna þýðir að fjármunir sveitarfélaganna nýtast með skynsamlegum hætti.



Stafræn  
sveitarfélög  
og  
stafræn  
héraðsskjalasöfn

Greinargerð þessi er unnin á vegum stýrihóps  
héraðsskjalavarða um rafræna skjalavörslu og varðveislu

Í stýrihópnum sitja:

- Erla Dís Sigurjónsdóttir
- Hrafn Sveinbjarnarson
- Lára Ágústa Ólafsdóttir
- Stefán Bogi Sveinsson
- Þorsteinn Tryggvi Másson

Að greinargerðinni komu einnig fulltrúar  
héraðsskjalasafna í stýrihópi Sambands íslenskra  
sveitarfélaga um rafræn skil:

- Heiðbrá Ólafsdóttir
- Sólborg Una Pálsdóttir

*Höfundar:*

*Sólborg Una Pálsdóttir*

*Þorsteinn Tryggvi Másson*

## TENGILIÐUR

Héraðsskjalasafn  
Árnesinga

Austurvegur 2  
800 Selfossi

sími: 482-1259

Þorsteinn Tryggvi Másson  
thorsteinn@heradsskjalasafn.is  
www.myndasetur.is

ISBN 978-9935-9418-2-4